

Íslenskar orkurannsóknir Ársreikningur 2025

Íslenskar orkurannsóknir
600503-4050
Urðarhvarfi 8
203 Kópavogi

Efnisyfirlit

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings.....	3
Áritun Ríkisendurskoðunar	5
Rekstrarreikningur árið 2025.....	8
Efnahagsreikningur 31. desember 2025	9
Sjóðstreymi árið 2025.....	10
Skýringar	11
Viðauki 1: Stjórnarhættir Íslenskra orkurannsókna	18
Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í ársreikningi.....	22

Skýrsla stjórnar og staðfesting ársreiknings

Íslenskar orkurannsóknir voru stofnaðar árið 2003 til að annast rannsóknir á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála samkvæmt lögum nr. 86/2003 og þeim viðbótum og breytingum sem gerðar hafa verið á þeim. ÍSOR er B-hluta stofnun sem starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR.

Í byrjun árs 2021 var undirritaður þriggja ára samningur við GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu um að ÍSOR annist starfsemi Jarðhitaskóla fyrir nemendur frá þróunarlöndum sem hluta af þróunaraðstoð Íslands. GRÓ – þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu starfar skv. reglugerð nr. 1260/2019 sem sett er á grundvelli laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008. Samningurinn hefur verið framlengdur til loka árs 2028.

Rekstur ársins 2025

Rekstrartekjur ÍSOR námu 1.727,4 m.kr. á árinu 2025 en 1.508,5 m.kr. árið á undan. Tekjur hækkuðu því um 218,9 m.kr. Tekjur vegna rekstrar Jarðhitaskólans námu 265,2 m.kr. á árinu en voru 236,8 m.kr. árið á undan. Rekstrargjöld námu 1.676,8 m.kr. á árinu 2025 en voru 1.504,7 m.kr. árið 2024. Rekstrarhagnaður ÍSOR fyrir fjármagnsliði var 50,6 m.kr. en 3,8 m.kr. rekstrarhagnaður varð árið á undan. Hagnaður ársins eftir fjármagnsliði nam 53,1 m.kr. en var 18,7 m.kr. árið áður. Eigið fé í árslok nemur 250,9 m.kr.

Rekstraráætlun 2026 gerir ráð fyrir 52,8 m.kr. hagnaði.

Fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld námu 2,6 m.kr. á árinu 2025 en á árinu 2024 voru fjármunatekjur umfram fjármagnsgjöld 14,9 m.kr.

Handbært fé í árslok 2025 nam 147,9 m.kr. og hækkaði um 59,0 m.kr. á árinu.

Fjárfest var fyrir 109,2 m.kr. á árinu 2025 en 91,0 m.kr. árið á undan.

Ársverk voru 47,6 að meðaltali á árinu og þar af 4,0 vegna rekstrar Jarðhitaskólans.

Stjórnarhættir

Stjórn ÍSOR leitast við að viðhalda góðum stjórnarháttum og hefur til hliðsjónar leiðbeiningar um stjórnarhætti fyrirtækja sem gefnar eru út af Viðskiptaráði Íslands í samstarfi við Samtök atvinnulífsins og Nasdaq OMX Ísland og eigendastefnu ríkisins. Stjórnin hefur sett sér starfsreglur þar sem valdsvið hennar er skilgreint og verksvið gagnvart forstjóra. Á árinu voru haldnir 10 stjórnarfundir.

ÍSOR hefur komið á innra eftirliti og stýrir áhættu með viðeigandi starfaaðgreiningu og vel skilgreindum ábyrgðarsviðum. Ferlar eru til staðar til að tryggja eftirlit með tekjuskráningu, rekstrarkostnaði og öðrum þáttum sem hafa áhrif á ársreikning félagsins. ÍSOR vinnur eftir ISO 9001 gæðastaðli sem tryggir reglulegar úttektir á verklagsreglum og að skjölun sé tryggð.

Nánari lýsing á stjórnarháttum er að finna í viðauka 1 við ársreikning ÍSOR.

Ófjárhagsleg upplýsingagjöf

Í júní 2016 samþykkti Alþingi breytingar á lögum um ársreikninga nr. 3/2006 og tóku þær breytingar gildi frá og með 1. janúar 2016. Á meðal þeirra breytinga voru auknar kröfur um upplýsingagjöf í skýrslu stjórnar og er til frekari upplýsinga vísað í viðauka 2 við ársreikning ÍSOR.

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og forstjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga nr. 696/2019. Það er álit stjórnar og forstjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu Íslenskra orkurannsókna 31. desember 2025 og rekstrarafkomu þeirra og breytingu á handbæru fé á árinu 2025.

Stjórn Íslenskra orkurannsókna og forstjóri staðfesta hér með ársreikning ársins 2025 með undirritun sinni.

Undirritað rafrænt
Kópavogi apríl 2026

Örn Viðar Skúlason
formaður

Árný Erla Sveinbjörnsdóttir

Hrafnhildur Valdimarsdóttir

Janus Arn Guðmundsson

Sigríður Svana Helgadóttir

Árni Magnússon
forstjóri

Áritun Ríkisendurskoðunar

Til stjórnar og eiganda Íslenskra orkurannsókna

Álit

Ársreikningur Íslenskra orkurannsókna fyrir árið 2025 er endurskoðaður samkvæmt lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn sýni glögga mynd af fjárhagsstöðu Íslenskra orkurannsókna 31. desember 2025, afkomu fyrirtækisins og breytingu á handbæru fé á árinu 2025, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur fyrir álit

Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð samkvæmt þeim stöðlum er nánar lýst í kaflanum um ábyrgð ríkisendurskoðanda hér á eftir. Ríkisendurskoðandi er óháður Íslenskum orkurannsóknum og starfar í samræmi við lög nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, og siðareglur alþjóðasamtaka ríkisendurskoðana (INTOSAI). Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar. Ríkisendurskoðandi telur að við endurskoðunina hafi verið aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum.

Aðrar upplýsingar

Að álit Ríkisendurskoðunar koma fram í skýrslu stjórnar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Ábyrgð stjórnar og forstjóra á ársreikningnum

Stjórn og forstjóri (stjórnendur) eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórnendur eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er að sé til staðar við gerð og framsetningu ársreikningsins, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreiknings eru stjórnendur ábyrgir fyrir því að meta rekstrarhæfi Íslenskra orkurannsókna og setja inn skýringu ef þess er þörf. Ef við á skulu stjórnendur setja fram viðeigandi skýringar um rekstrarhæfi og hvers vegna þau ákváðu að beita forsendu um rekstrarhæfi við gerð og framsetningu ársreiknings, nema stjórnendur hafi ákveðið að leysa Íslenskar orkurannsóknir upp eða hætta starfsemi, eða hafa enga aðra raunhæfa möguleika en að leysa Íslenskar orkurannsóknir upp.

Stjórn skal hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð ríkisendurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið ríkisendurskoðanda er að aflað sé nægjanlegrar vissu um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka og að gefa út áritun sem felur í sér álit Ríkisendurskoðunar á ársreikningnum. Nægjanleg vissu er mikið öryggi, en ekki trygging þess að endurskoðun sem framkvæmd er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á fjárhagslega ákvarðanatöku notenda ársreikningsins, einar og sér eða samanlagðar.

Endurskoðun var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og hún byggist á faglegri dómgreind og gagnrýni. Einnig framkvæmir Ríkisendurskoðun eftirfarandi:

- Greinir og metur hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna mistaka eða sviksemi, endurskoðunaraðgerðir skipulagðar og framkvæmdar til að bregðast við þeirri hættu og aflað endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að undirbyggja álit á reikningnum. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, villandi framsetningu ársreiknings, að einhverju sé viljandi sleppt eða að farið sé framhjá reglum innra eftirlits.
- Aflar skilnings á innra eftirliti í þeim tilgangi að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir og meta hvort það tryggi viðunandi árangur.
- Metur hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda ásamt tengdum skýringum séu viðeigandi í samræmi við reikningsskilareglur.
- Ályktar um notkun stjórnenda á forsendunni um rekstrarhæfi og á grundvelli endurskoðunarinnar leggur mat á hvort verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi eða hvort aðstæður séu til staðar sem gætu valdið verulegum efasemdum um rekstrarhæfi. Ef endurskoðunin leiðir í ljós að talið sé að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreiknings í áritun Ríkisendurskoðunar. Ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi þarf að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða Ríkisendurskoðunar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar. Engu að síður geta aðstæður í framtíðinni valdið óvissu um rekstrarhæfi fyrirtækisins.
- Metur í heild sinni hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum, metur framsetningu, uppbyggingu og innihald, þar með talið skýringar með tilliti til glöggrar myndar.

Ríkisendurskoðun ber að upplýsa stjórn um áætlað umfang og tímasetningu endurskoðunarinnar og mikilvæg atriði sem fram komu við endurskoðunina, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Ríkisendurskoðun, apríl 2026

Undirritað rafrænt

Guðmundur Björgvin Helgason
ríkisendurskoðandi

Rekstrarreikningur árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrartekjur			
Seld þjónusta.....		1.065.657.925	1.012.622.095
Leigutekjur		396.511.438	259.088.870
Tekjur Jarðhitaskóla.....		265.245.842	236.771.721
	1	<u>1.727.415.205</u>	<u>1.508.482.686</u>
Rekstrargjöld			
Kostnaðarverð seldrar þjónustu og leigutekna	2	192.740.725	227.832.247
Laun og launatengd gjöld	3	893.446.021	768.121.582
Annar rekstrarkostnaður	4	252.675.798	232.254.068
Afskriftir	7	72.720.479	39.602.292
Rekstrargjöld Jarðhitaskóla	5	265.245.842	236.771.721
		<u>1.676.828.865</u>	<u>1.504.681.910</u>
 Rekstrarhagnaður fyrir fjármagnsliði		50.586.340	3.800.776
 Hreinar fjármunatekjur	6	<u>2.550.936</u>	<u>14.900.446</u>
 Hagnaður ársins		<u><u>53.137.276</u></u>	<u><u>18.702.222</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2025

Eignir	Skýr.	2025	2024
Varanlegir rekstrarfjármunir	7	175.016.362	138.582.394
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	5.100.384	2.861.781
Fastafjármunir samtals		<u>180.116.746</u>	<u>141.444.175</u>
Óreikningsfærð verk		0	22.783.105
Viðskiptakröfur	9	254.385.702	155.143.986
Vörslufé.....	13	26.214.388	56.823.721
Handbært fé		147.937.874	88.895.756
Veltufjármunir samtals		<u>428.537.964</u>	<u>323.646.568</u>
Eignir samtals		<u>608.654.710</u>	<u>465.090.743</u>
Eigið fé			
Óráðstafað eigið fé.....	10	250.941.663	197.804.387
Eigið fé samtals		<u>250.941.663</u>	<u>197.804.387</u>
Skammtímaskuldir			
Viðskiptaskuldir.....	11	140.560.695	81.582.250
Vörslufé.....	13	26.214.388	56.823.721
Aðrar skammtímaskuldir.....	12	190.937.964	128.880.285
Skammtímaskuldir samtals		<u>357.713.047</u>	<u>267.286.356</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u>608.654.710</u>	<u>465.090.743</u>

Sjóðstreymi árið 2025

	Skýr.	2025	2024
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins.....		53.137.276	18.701.222
Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á sjóðstreymi:			
Afskriftir		72.720.479	39.602.292
Veltufé frá rekstri		125.857.755	58.803.514
Breytingar á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Óreikningsfærð verk, lækkun (hækkun).....		22.783.105	21.523.175
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(99.241.716)	50.258.194
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		121.036.024	(102.939.967)
		44.577.413	(31.158.598)
Handbært fé frá rekstri		170.435.168	27.144.916
Fjárfestingahreyfingar			
Fjárfestingar í rekstrarfjármunum	7	(109.154.447)	(91.026.090)
Viðbót áhættufjármunir		(2.238.603)	
Fjárfestingahreyfingar		(111.393.050)	(91.026.090)
Hækkun (lækkun) á handbæru fé.....			
Handbært fé í ársbyrjun.....		88.895.756	152.776.931
Handbært fé í lok ársins		147.937.874	88.895.756

Skýringar

Íslenskar orkurannsóknir voru stofnaðar 1. júlí 2003. Höfuðstöðvar ÍSOR eru að Urðarhvarfi 8 í Kópavogi en einnig er rekið útibú á Akureyri. ÍSOR er sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis- orku- og loftlagsráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003.

Í byrjun árs 2021 var undirritaður þjónustusamningur um að ÍSOR annaðist starfsemi Jarðhitaskólans (JHS) fyrir nemendur frá þróunarlöndum sem hluta af þróunaraðstoð Íslands. GRÓ - þekkingarmiðstöð þróunarsamvinnu starfar skv. reglugerð nr. 1260/2109 sem sett er á grundvelli laga um alþjóðlega þróunarsamvinnu Íslands nr. 121/2008. Með verkefninu fluttust fimm starfsmenn skólans yfir til ÍSOR. Þjónustusamningur um rekstur JHS hefur verið framlengdur til loka árs 2028.

Reikningsskilaaðferðir

Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningur ÍSOR er gerður í samræmi við lög nr. 3/2006 um ársreikninga og reglugerð nr. 696/2019 um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum og er í meginatriðum gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum.

Innlaun tekna

Tekjur vegna veittrar þjónustu eru færðar línulega yfir þann tíma sem þjónustan er veitt nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskipta. Tekjur af styrktarverkum eru færðar í rekstrarreikning í hlutfalli við stöðu verks á uppgjörssdegi nema fyrir liggi atvik sem betur lýsir lokum viðskipta. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

Matsaðferðir

Viðskiptakröfur eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til niðurfærslu til að mæta þeim kröfum sem kunna að tapast. Niðurfærslan er byggð á mati á tapsáhættu gagnvart einstökum kröfum og kröfum í heild. Kröfur sem eru endanlega tapaðar eru færðar úr bókum ÍSOR.

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á gangvirði og mati.

Skattar

ÍSOR greiða virðisaukaskatt af aðföngum, eldsneytisgjöld, bifreiðagjöld og ýmis leyfisgjöld. Íslenskar orkurannsóknir eru B-hluta stofnun ríkissjóðs og eru því undanþegnar álagningu tekjuskatts.

Erlendir gjaldmiðlar og innlendar vísitölur

Eignir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á kaupgengi í árslok en skuldir eru umreiknaðar á sölugengi. Viðskipti í erlendum gjaldeyri á árinu eru umreiknuð í íslenskar krónur á viðskiptadegi. Gengismunur sem myndast er færður í rekstrarreikning.

Varanlegir rekstrarfjármunir og afskriftir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum til ársloka 2025 eins og ÍSOR hefur beitt ákvæðum ársreikningalaga um eignafærslu og afskriftir frá því kaup áttu sér stað.

Kostnaðarverð varanlegra rekstrarfjármuna samanstendur af kaupverði og öllum kostnaði við að koma eignunum á viðeigandi stað og í nothæft ástand.

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti af kostnaðarverði miðað við áætlaðan endingartíma eignanna.

Tölvubúnaður: 3 ár

Áhöld, tæki og innréttingar: 2-10 ár

Kostnaður vegna viðhalds er gjaldfærður í rekstrarreikningi þegar hann fellur til.

Handbært fé

Handbært fé eru óbundnar innistæður á bankareikningum. ÍSOR á bankareikninga í ISK auk USD og EUR. ÍSOR er að auki með óbundna innistæðu á bankareikningi vegna reksturs JHS.

Vörslusjóðir

ÍSOR hefur umsýsningu með sjóðum sem varðveittir eru á bankareikningum og eru ekki hluti af handbæru fé.

Skuldbindingar vegna starfsmanna

Lífeyrisskuldbindingar. Hinn 19. apríl 2017 barst ÍSOR bréf frá Lífeyrissjóði starfsmanna ríkisins þar sem stofnuninni er tilkynnt að henni beri að greiða sérstakt 5,85% iðgjald til að standa undir lífeyrisauka starfsmanna sinna. Iðgjaldinu er ætlað að standa undir lífeyrisauka þeirra sjóðsfélaga í A-deild LSR sem eiga þann rétt skv. lögum nr. 127/2016, um breytingu á lögum um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Lögin tóku gildi 1. júní 2017. Lífeyrisskuldbindingar vegna núverandi starfsmanna ÍSOR hafa verið áætlaðar í árslok og gjaldfærðar í ársreikningi.

Skammtímaskuldir

Skammtímaskuldir eru færðar á nafnverði að teknu tilliti til áfallinna vaxta, þar sem við á.

1. Rekstrartekjur

Tekjur á árinu 2025 námu 1.724,4 m.kr. og hækkuðu um 218,9 m.kr. frá fyrra ári eða 14,5%. Þjónustutekjur hækkuðu um 131,1 m.kr. eða 16,6%, leigutekjur hækkuðu um 137,4 m.kr. eða 53,0%, framlög, styrkir og endurgreiddur útlagður kostnaður lækkuðu um 78,1 m.kr. eða 35,0%. Því hækkuðu hefðbundnar rekstrartekjur ÍSOR um 190,5 m.kr. eða 15,0%. Tekjur vegna rekstrar Jarðhitaskólans námu 265,2 m.kr. og hækkuðu um 28,5 m.kr. eða 12,0%.

	2025	2024
Seld sérfræðiþjónusta.....	920.660.396	789.541.975
Leigutekjur tækja.....	396.511.438	259.088.870
Framlög, styrkir og endurgreiddur útlagður kostnaður.....	144.997.529	223.080.120
Tekjur Jarðhitaskólans.....	265.245.842	236.771.721
	<u>1.727.415.205</u>	<u>1.508.482.686</u>

2. Kostnaðarverð seldrar þjónustu

Á árinu 2025 nam kostnaðarverð seldrar þjónustu og leigutekna 192,7 m.kr. og lækkaði frá fyrra ári um 35,1 m.kr. eða 15,4%.

	2025	2024
Aðkeypt til endursölu	77.357.740	102.542.104
Viðhald og rekstur tækja	82.471.370	89.602.171
Endurgreiddur útlagður kostnaður	32.911.615	35.687.972
	<u>192.740.725</u>	<u>227.832.247</u>

3. Laun og launatengd gjöld

Á árinu 2025 námu laun og launatengd gjöld 893,4 m.kr. og hækkuðu frá fyrra ári um 125,3 m.kr. eða 16,3%. Starfsmenn ÍSOR voru 49 á launaskrá í lok ársins. Ársverk voru 47,6 á árinu og stóðu í stað milli ára. Fjárhæð að upphæð 20,6 m.kr. vegna sérstaks 4,67% viðbótariðgjalds í A-deild LRS vegna ársins 2025 er gjaldfærð í ársreikninginum. Árangurslaun vegna ársins 2025 skv. stofnanasamningi eru gjaldfærð á árinu. Stjórnarlaun ásamt launatengdum gjöldum námu 11,6 m.kr. og laun og launatengd gjöld vegna forstjóra 26,4 m.kr. Laun og launatengd gjöld vegna starfsmanna JHS eru færð undir rekstur skólans en fastir starfsmenn skólans voru þrír í lok árs 2025.

	2025	2024
Laun.....	669.217.763	599.330.725
Launatengd gjöld	174.941.843	168.176.917
Árangurslaunakostnaður	50.586.340	3.800.777
Breyting á orlofsskuldbindingu.....	(1.299.925)	(3.186.837)
	<u>893.446.021</u>	<u>768.121.582</u>

4. Annar rekstrarkostnaður

Önnur rekstrargjöld hækka milli ára um 20,0 m.kr. eða 8,6%. Sölu- og stjórnunarkostnaður hækkar um 21,7 m.kr. eða 21,5%, ferðakostnaður lækkar um 6,2 m.kr. eða 18,5%, húsnæðiskostnaður hækkar um 4,7 m.kr. eða 4,8%.

	2025	2024
Sölu- og stjórnunarkostnaður	122.779.511	101.051.223
Húsnæðiskostnaður	102.712.941	98.043.301
Ferðakostnaður.....	27.033.346	33.159.544
Skattar, tilfærslur og fleira.....	150.000	404.086
	<u>252.675.798</u>	<u>232.354.068</u>

5. Rekstrarkostnaður Jarðhitaskólans

Rekstrarkostnaður JHS hækkaði um 28,5 m.kr. milli ára, eða 12,0%.

	2025	2024
Laun og launatengd gjöld	70.960.849	63.679.942
Stjórnar og rekstrarkostnaður	29.144.382	25.628.160
6 mánaða námskeið	87.716.109	79.293.881
Meistaránám og doktorsnám	37.043.895	46.281.198
Stutt námskeið	40.380.607	18.777.658
Önnur starfsemi.....	0	3.110.882
	<u>265.245.842</u>	<u>236.771.721</u>

6. Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld)

	2025	2024
Fjármunatekjur	5.480.960	10.748.480
Fjármagnstekjuskattur	(1.159.606)	(2.333.471)
Matsbreytingar eignarhluta í félögum	2.238.603	0
Gengismunur.....	(3.666.472)	6.707.328
Fjármagnsgjöld	<u>(342.549)</u>	<u>(221.891)</u>
	<u>2.550.936</u>	<u>14.900.446</u>

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

	Áhöld, tæki og innréttingar	Tölvubúnaður	Samtals
Kostnaðarverð			
Staða í ársbyrjun.....	618.939.760	83.212.315	702.152.075
Eignfært á árinu	109.154.447	0	109.154.447
Staða í árslok.....	<u>728.094.207</u>	<u>83.212.315</u>	<u>811.306.522</u>
Afskriftir			
Staða í ársbyrjun.....	490.876.236	72.693.444	563.568.680
Afskrift ársins	65.155.607	7.564.872	72.720.479
Staða í árslok.....	<u>556.030.843</u>	<u>80.258.316</u>	<u>636.289.159</u>
Bókfært verð í ársbyrjun	128.064.524	10.518.871	138.583.395
Bókfært verð í árslok	172.062.364	2.953.999	175.016.362

Áætlaður nýtingartími varanlegra rekstrarfjármuna er eftirfarandi:

Tölvubúnaður	3 ár
Áhöld, tæki og innréttingar.....	2-10 ár

Vátryggingamat eigna félagsins í árslok greinist þannig:

	Vátryggingamat
Vélar og tæki, eignatryggingar	
Borholutæki	337.329.805
Tæki í bílum eða húsi.....	29.756.020
Yfirborðstæki.....	89.970.829
	<u>457.056.654</u>

8. Eignarhlutir í félögum

	Nafnverð	Matsverð
Belgingur ehf.....	586.438	3.772.664
Orkuskólinn Reynt hf	1.575.000	380.346
Málmís ehf.	912.500	947.374
GeoThermHydro ehf.	16.500.000	0
Áhættufjármunir 31.12.2025.	<u>19.573.938</u>	<u>5.100.384</u>

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur ÍSOR

Innlendir aðilar	254.385.702
	<u>254.385.702</u>

Aldursgreining viðskiptakrafna miðað við 31.12.2025

Ógjaldfallið.....	226.367.837
1-30 daga vanskil.....	26.391.669
30-60 daga vanskil	1.358.944
60-90 daga vanskil	185.376
Eldra en 90 dagar	81.876
	<u>254.385.702</u>

10. Yfirlit um eiginfjárreikninga

Eigið fé 1. janúar 2025.....	197.804.387
Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi.....	53.137.276
Eigið fé 31. desember 2025	<u>250.941.663</u>

11. Viðskiptaskuldir

Erlendar viðskiptaskuldir.....	40.907.121
Innlendar viðskiptaskuldir.....	99.653.574
	<u>140.560.695</u>

12. Aðrar skammtímaskuldir

Ógreidd laun og launatengd gjöld	53.278.171
Ógreidd orlofsskuldbinding	45.777.440
Ógreiddur virðisaukaskattur.....	43.022.648
Ógreidd árangurslaun vegna afkomu 2025.....	50.586.340
Annað ógreitt.....	(1.726.635)
	<u>190.937.964</u>

13. Vörslusjóðir

ÍSOR hefur tekið í vörslu fjármuni fyrir þriðja aðila að fjárhæð 26.2 m.kr. sem varðveittar eru á bankareikningum ÍSOR en teljast ekki til handbærs fjár. ÍSOR með í fjárvörslu fjármuni frá GRÓ Utanríkisráðuneytinu að upphæð 26,2 m.kr. í lok árs 2025.

Hreyfingar á vörslusjóði voru eftirfarandi:

Staða 1. janúar 2025	31.858.337
Greidd vinna og kostnaður vegna verkefnarannsóknarsjóða ESB.....	(31.858.337)
Staða 31. desember 2025	<u>0</u>
Staða vörslusjóðs í eigu GRÓ vegna JHS 1. janúar 2025	24.965.384
Fjármunatekjur og gjöld.....	1.249.004
Staða vörslusjóðs í eigu GRÓ vegna JHS 31. desember 2025	<u>26.214.388</u>

14. Kennitölur

	2025	2024
Úr efnahagsreikningi:		
Veltufjárlutfall	1,20	1,21
Eiginfjárlutfall	41,2%	42,5%
Úr rekstrarreikningi:		
Rekstrarhagnaður (EBIDTA)	7,1%	2,9%
Arðsemi eigin fjár.....	21,2%	9,5%

Viðauki 1: Stjórnarhættir Íslenskra orkurannsókna

Skipulag og hlutverk

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, eru sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003, og reglugerð nr. 545/2014.

Stjórn

Stjórn ÍSOR er skipuð af umhverfis-, orku- og loftlagsráðherra til fjögurra ára í senn. Hún ber ásamt forstjóra ábyrgð á stefnu, fjármálum og rekstri Íslenskra orkurannsókna. Fimm manns sitja í stjórn ÍSOR, þrjár konur og tveir karlmenn. Núverandi stjórn var skipuð 10. janúar 2024. Stjórn ÍSOR 2024–2028 skipa: Örn Viðar Skúlason, hagverkfræðingur og framkvæmdastjóri fasteignafélagsins Þórkatla, stjórnarformaður; Árný Erla Sveinbjörnsdóttir, jarðfræðingur við Raunvísindastofnun Háskóla Íslands, Sigríður Svana Helgadóttir, lögfræðingur í umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytinu, Janus Arn Guðmundsson, verkefnastjóri og Hrafnhildur Valdimarsdóttir, skrifstofustjóri hjá Veðurstofu Íslands.

Stefna og framtíðarsýn

ÍSOR er alþjóðlega þekkt sem traust rannsóknar- og ráðgjafarfyrirtæki á sviði jarðhita. Þjónusta sem tengist jarðhita er kjarninn í starfsemi ÍSOR. Til að geta veitt heildstæða þjónustu á sviði jarðhita þarf ÍSOR að búa yfir víðfeðmri þekkingu á mörgum sviðum jarðvísinda og verkfræði. ÍSOR stundar einnig rannsóknir og veitir þjónustu á tengdum fræðasviðum, svo sem á sviði grunnvatns, jarðfræði hafsbots, kolvetna, jarðefna og almennra jarðfræða. Jákvæða þróun í starfseminni undanfarin ár má meðal annars rekja til þess að fyrirtækinu hefur tekist vel að halda í reynt og gott starfsfólk og ráða inn hæfa nýliða.

ÍSOR starfar í síkviku alþjóðlegu umhverfi og mikilvægt er að þróa stöðugt og ítra stefnu stofnunarinnar. Í maí 2025 var sett fram uppfærð stefna ÍSOR, en hún byggir að grunni til áfram á þeirri stefnumótun sem ráðist var í og kynnt vorið 2021. Lykilstefin eru áfram Kortlagning, Nýting, Vöktun og fræðsla en Hlutverk, Framtíðarsýn og Markmið voru dregin fram með skýrari hætti en áður. Gildi ÍSOR voru sömuleiðis uppfærð en þau eru; Þekking, Traust, Árangur, Samvinna og Framsækni.

Sem fyrr var stefnan unnin með þátttöku starfsfólks, viðskipavina og samstarfsmaðila.

Innra skipulag

Samhliða uppfærslu á stefnu voru gerðar breytingar á skipulagi ÍSOR. Áfram var haldið á þeirri braut einföldunar skipulags sem hófst vorið 2021. Nú var framkvæmdastjórn minnkuð, fagsviðum fækkað úr þremur í tvö og erlend verkefni heyra nú alfarið til fagsviðunum en eru ekki sérgreind í skipuriti. Þá voru tiltekin verkefni færð undir skrifstofu forstjóra s.s. eiginleg fjármálastjórn og alþjóðamál. Öll innri þjónusta heyrir nú undir Rekstrar og mannauðssvið. Innra skipulag byggir eftir breytingar á á tveimur fagsviðum; Nýtingu og Könnun og vöktun og einu þjónustusviði auk skrifstofu forstjóra.



Innri endurskoðun og áhættustýring

ÍSOR hefur komið upp eftirlitskerfi sem byggist á eftirlitsmarkmiðum sem eiga að draga úr hvata, tækifærum og réttlætingu til sviksemi í starfseminni. Eftirlitskerfið samanstendur af siðareglum, starfsmannastefnu, verklagsreglum, aðskilnaði starfa, vöktun og ISO 9001 gæðastaðli. Verklagsreglur ÍSOR og stefnur eru endurskoðaðar reglulega.

Forstjóri og framkvæmdastjórn

Forstjóri er Árni Magnússon með MIB gráðu í alþjóðaviðskiptum. Forstjóri fer með yfirstjórn í umboði stjórnar.

Framkvæmdastjórn ÍSOR er skipuð forstjóra, fjármálastjóra, sviðsstjóra rekstrar- og mannauðs og tveimur sviðsstjórum fagsviða. Í framkvæmdastjórn eru þrjár konur og tveir karlmenn.

Fjármálastjóri: Guðrún Erlingsdóttir. Fjármálastóri ber ábyrgð á fjármálum ÍSOR, reikningshaldi, fjárstýringu, innkaupum, stjórnendaupplýsingum og áætlanagerð. Guðrún er jafnframt staðgengill forstjóra.


Rekstrar- og mannauðssvið: Sviðsstjóri er Valgerður Gunnarsdóttir. Sviðið hefur umsjón með launakerfi, bókhaldi, innheimtu og reikningagerð, ber ábyrgð á mannauðs- og gæðamálum, rekstri upplýsingakerfa ásamt útgáfu- og skjalamálum.

Hlutverk sviðsstjóra fagsviðanna tveggja er öflun verkefna, að hafa yfirumsjón með verkefnum ÍSOR þannig að þau séu í samræmi við verksamninga, áætlanir og gæðakröfur. Jafnframt er hlutverk sviðsstjóra að styðja verkefnisstjóra við framkvæmd og umsjón einstakra verkefna með það að markmiði að samræma vinnubrögð og þjónustu.

Könnun og vöktun: Sviðsstjóri er Sveinborg Hlíf Gunnarsdóttir. Viðfangsefni sviðsins eru m.a. öryggi og aðgengi, vöktun, eftirlit, kortlagning, auðlindamat, hafsbotninn, mælingar, rannsóknir og þróun.

Nýting: Sviðsstjóri er Steinnþór Níelsson. Viðfangsefni sviðsins eru m.a. nýting og hringrás, kolefnisbinding, mælingar, rannsóknir og þróun.

Gildandi skipurit:



Hýsing Jarðhitaskóla GRÓ

ÍSOR hefur síðastliðin 5 ár hýst og rekið Jarðhitaskóli GRÓ í húsnæði stofnunarinnar í Kópavogi. Bjarni Richter, jarðhitasérfræðingur til 26 ára, er forstöðumaður skólans. Skólinn tók til starfa árið 1979 og síðan þá hafa 839 nemar lokið sex mánaða námi við skólann. Námið er sérhæft þjálfun fyrir sérfræðinga sem vinna við jarðhitarannsóknir, þróun og nýtingu í sínum heimalöndum. Jarðhitaskólinn er einn fjögurra skóla sem reknir eru undir hatti GRÓ, þar sem íslenskri sérþekkingu, sem gegnir mikilvægu hlutverki við framgang heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna, er miðlað til lágtekjuríkja. GRÓ – Þekkingarmiðstöðvar þróunarsamvinnu, sem starfar undir merkjum UNESCO, Mennta-, vísinda- og menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna, er hluti af alþjóðlegri þróunarsamvinnu Íslands

t

Viðauki 2: Ófjárhagsleg upplýsingagjöf í ársreikningi

Almennt um ÍSOR

Íslenskar orkurannsóknir, ÍSOR, eru sjálfstæð ríkisstofnun sem heyrir undir umhverfis-, orku- og loftlagsráðuneytið. Hlutverk ÍSOR er að vinna að verkefnum og rannsóknum á sviði náttúrufars, orkumála og annarra auðlindamála. ÍSOR starfar á viðskiptalegum grundvelli á samkeppnismarkaði og aflar sér tekna með sölu á rannsóknum, ráðgjöf, þjónustu og upplýsingum eða öðrum verkefnum á starfssviði ÍSOR. Um starfsemi ÍSOR gilda lög nr. 86 frá 2003, og reglugerð nr. 545/2014.

Umhverfismál og græn skref

ÍSOR hefur sett sér umhverfisstefnu og er markmið hennar að fyrirtækið verði leiðandi á sínu sviði og hafi með starfsemi sinni jákvæð áhrif á þróun umhverfismála hér á landi. Til að ná því takmarki er beitt aðferðafræði ISO 14001 staðalsins á sem flesta þætti í rekstrinum. Nánari upplýsingar um stefnuna má lesa á vef ÍSOR á slóðinni <https://isor.is/um-isor/umhverfisstefna/>.

ÍSOR tekur einnig þátt í átakinu Græn skref í ríkisrekstri í samvinnu við Umhverfisstofnun en í því er lögð áhersla á að ríkisstofnanir vinni að því að minnka umhverfisáhrif daglegs reksturs. ÍSOR hefur nú þegar fengið viðurkenningu fyrir að hafa náð fyrstu þremur skrefunum.

Samfélagsleg mál

Rannsóknir og ráðgjöf á grundvelli þeirra eru meginþættir starfseminnar. Allar mælingar og rannsóknarniðurstöður ÍSOR eiga að vera vandlega unnar, yfirfarnar og sannprófaðar. Ráðgjöf sem veitt er á grundvelli þeirra er unnin af fagmennsku og ábyrgð. ÍSOR kappkostar að veita hlutlausu ráðgjöf byggða á bestu þekkingu og reynslu á hverjum tíma. ÍSOR miðlar þekkingu sinni til samfélagsins með birtingu vísindagreina, kennslu og leiðsögn á háskólastigi, þjálfun framhaldsnema og almennri upplýsingagjöf á sérfræðisviðum ÍSOR. Þegar starfsfólk ÍSOR tekur þátt í almennri umræðu í þjóðfélaginu á starfssviði ÍSOR ber því að gæta hlutleysis og miðla upplýsingum af ábyrgð og vísindalegri nákvæmni.

Starfsmannamál

Meginverðmæti ÍSOR er fólgið í kunnáttu starfsmanna til að leysa þau viðfangsefni sem ÍSOR er falið samkvæmt lögum. Starfsfólk ÍSOR og forvera þess hefur frá árinu 1945 byggt upp einstæða þekkingu á jarðhita, eðli hans og aðferðum til nýtingar og er stofnunin í fararbroddi hérlandis á þessu sviði. Þessi kunnátta hefur jafnframt skipað ÍSOR í fremstu röð meðal þeirra sem starfa á alþjóðavettvangi að sambærilegum verkefnum. ÍSOR hefur sett sér jafnréttisáætlun, jafnlaunastefnu og áætlun um forvarnir og viðbrögð við einelti, áreitni eða ofbeldi. ÍSOR hlaut jafnlaunavottun árið 2020 og hefur viðhaldið vottuninni með árlegri ytri úttekt ár hvert síðan þá. Vottunin staðfestir að launaákvörðanir séu kerfisbundnar, að fyrir hendi sé jafnlaunakerfi og fylgt sé jafnlaunastefnu sem felst í að konum og körlum skulu greidd jöfn laun og þau njóti sömu kjara fyrir sömu eða jafnverðmæt störf.

Öryggisstefna

Stefna ÍSOR er að tryggja öllum starfsmönnum öruggt og heilsusamlegt vinnuumhverfi. Markmiðið er slysalaus vinnustaður og að enginn starfsmaður bíði heilsutjón af starfi sínu hjá stofnuninni. Í rekstri stofnunarinnar er kröfum laga og reglna fylgt og með aðferðafræði ISO 9001 er sífellt unnið að endurbótum sem stuðla að auknu öryggi starfsmanna, samstarfsaðila og viðskiptavina stofnunarinnar. Starfandi er öryggisnefnd hjá ÍSOR sem vinnur samkvæmt lögum nr. 46/1980 og reglugerð nr. 920/2006 að öryggismálum hjá ÍSOR. Til að ná þessu markmiði er í stuttu máli gerð sú krafa að allir starfsmenn vinni í samræmi við öryggisstefnu ÍSOR sem er að finna á slóðinni <https://isor.is/um-isor/oryggisstefna/>

Gæðakerfi ÍSOR

ÍSOR hlaut á árinu 2019 vottun á gæðastjórnunarkerfi stofnunarinnar samkvæmt alþjóðlega staðlinum ISO 9001 og hefur viðhaldið vottuninni með árlegri ytri úttekt ár hvert síðan þá. Gæðastjórnunarkerfinu er lýst í virkri og útgáfustýrðri, rafrænni handbók sem er aðgengileg öllu starfsfólki.